

Ed.

57. Frumvarp til laga

[57. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan.

1. gr.

6. mgr. 45. gr. laganna hljóði svo:

Dagpeningar vegna starfa við eigin heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema hámarksupphæð hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heildarendurskoðun tryggingalöggjafar okkar hefur lengi staðið yfir enda um viðamikilið verkefni að ræða og mörg vandasöm og viðkvæm atriði sem upp koma.

Eitt þeirra atriða, sem þar hljóta að vera ofarlega á blaði til athugunar og breytinga, varðar sjúkradagpeninga. Þeir eru ekki háir í dag, léttu aðeins undir, en skipta í engu sköpum þegar um veikindi til lengri tíma er að ræða og aðrar samningsbundnar greiðslur hafa fallið niður eða minnkað stórlega.

Hér er aðeins hreyft við einum þætti sem óneitanlega hefur legið eftir og hér koma ekki inn í myndina neinar samningsbundnar greiðslur t. d. viðkomandi atvinnurekendum. Því er ástæða til að taka þann þátt nokkuð út úr og skoða sérstaklega meðan ekki liggur fyrir niðurstaða heildarendurskoðunar.

Ekki þarf að tíunda hér í hversu mörgum greinum hlutur heimilisstarfa er vanmetinn í þjóðfélaginu. Vinnuframlagið þar (að mestu leyti innt af hendi af húsmæðrum) virðist oft til fárra fiska metið og margar fáránlegar viðmiðanir uppi hafðar þar, þó enginn neiti þýðingu og gildi þessara grundvallarstarfa. Réttindi tengd þessu vinnuframlagi eru fá og smá. Mismunurinn kemur víða fram en einn alvarlegasti þáttur hennar snertir sjúkradagpeninga. Á valdatíma Magnúsar Kjartanssonar sem tryggingaráðherra varð hér á veruleg leiðrétting og vissulega er um talsverða uppbót að ræða vegna sannaðrar heimilisstöðvar í núgildandi lögum sem ber að meta. Hins vegar mun ekki mjög mikið um það að um þetta sé sótt enda talsverð skrifinnaska, sem þar er eðlileg forsenda greiðslna. Flm. er a. m. k. kunnugt um allt of mörg dæmi þess að ¼ dagpeninga, svo sem aðalreglan er, sé látinn nægja. Einsýnt þykir því að greiða fulla dagpeninga vegna veikinda þeirra sem stunda heimilisstörf og þegar að sverfur í þjóðfélaginu eins og nú hefur sannanlega gert um sinn verður nauðsyn á leiðréttingu enn brýnni.

Flm. er fullkunnugt um ýmsa agnúa á lögum um almannatryggingar sem snerta sjúkradagpeninga, m. a. mismunun eftir því hvort viðkomandi er í hlutastarfi eða fullu starfi. Vel mætti hugsa sér að sníða þá agnúa af einnig og allir fengju undantekningarlaust fulla dagpeninga í veikindum sínum.

Minna má sérstaklega á konur í sveit og réttindi þeirra, bundin vinnuframlagi í verðlagsgrundvelli eða viðmiðun vegna vinnustunda á skattframtölum sem enga sanngjarna mynd gefa af raunveruleikanum en rýra í mörgum greinum sjálfstæðan rétt svo sem fæðingarorlofið er gleggst dæmi um.

Að mörgu þarf því óneitanlega að huga en til að koma þessum einstaka þætti á hreyfingu í jafnréttisátt er frumvarp þetta flutt.